

Nýja málverkið að verða gamalt!

– samspjall við órólegu deildina meðal
íslenskra myndlistarmanna

A Kjarvalsstöðum stendur nú yfir frískleg kúnstýning liðlega þrjátíu ungra myndlistarmanna sem eiga það sameiginlegt að vera allir félagar í Hagsmunafélagi myndlistarmanna.

Sýning þessi einkennist öðrum fremur af frjálsræði í mynduppbyggingu, djarflegri litameðferð og oft á tíðum afar kostulegri framsetningu þessa miðils sem myndlistin er. Það er einkum nýja málverkið sem ræður ferðinni í verkum sýnenda og má sýningin í raun heita þverskurður af því ferskastasta sem fyrir hendi er í íslenskrum myndlistarmanna á Íslandi.

Hagsmunafélagið

En hvað er Hagsmunafélag myndlistarmanna? Fyrir svörum verða í vestursal Kjarvalsstaða, þar sem sýningin hangir uppi, þeir Ólafur Lárusson, Þór Elís Pálsson og Jón Örn Ashjörnsen, en þeir eru sextíu prósent

sýningarnefndar og eiga allir verk á sýningunni.

„Hagsmunafélag myndlistarmanna var stofnsett fyrir liðlega fjórum árum,” segja þremmingarnir „og var markmiðið með stofnun þess einkum tvennt.

Í fyrsta lagi að koma öllum þeim utangarðsmönnum í íslenskrum list saman í eitt félag og í öðru lagi að stuðla að stofnun heildarsamtaka myndlistarmanna á Íslandi.


Þetta tvennt hefur nú tekist. Það er að segja; öllum listvillingunum hefur verið smalað saman í þetta félag og heildarsamtök íslenskra listamanna hafa verið stofnuð, sem gerðist í fyrria, þann þrettánda nóvember er SIM, Samtök íslenskra myndlistarmanna, hófu starf sitt. Þannig má segja að Hagsmunafélagið hafi komið því til leiðar sem það ætlaði sér í upphafi. Sem er náttúrulega vel af sér vikið.

Nú, þessi sýning hérna á Kjarvalsstöðum er nokkurskonar vendipunktur í starfsemi félagsins. Hún er eiginlega úttekt á því hvað mannskapurinn sem er í félaginu er að gera. Hún sýnir einnig hvaða mannskapur er í félaginu eða skulum við segja hverslags mannskapur og síðast en ekki síst ætti hún að staðfesta að Hagsmunafélagið er lifandi og bráðhressi í starfsemi sinni.”

Listvillingar

— Þið nefnduð hér áðan utangarðsfólk í myndlistinni og listvillinga. Má kalla meðlimi Hagsmunafélagsins þeim nöfnun réttléga?

„Ja, sjáðu til. Þessi hópur sem er meðlimur Hagsmunafélagsins hefur verið órólega deildin í íslensku kúnstverki. Þetta er allt ungt og leitandi fólk í sinni listsköpun, fólk sem er ærslafullt og að sumu leyti róttækt í sinni myndgerð. Einkum af þeim sök-



„Einn situr, annar stendur” heitir þetta verk Brians Pilkingtons.

um hefur það verið einskonar listvillingar í heimi listarinnar hérlendis og varla mátt heita listamenn í hugum sumra þeirra sem starfa innan hinna gamalgrónu listfélaga í landinu.”

— En nú eru sem sagt þessir „listvillingar” sem þremmingarnir nefna komnir saman í eitt félag og er það eitt þeirra sex fagfélaga sem eiga aðild að SIM. Hin eru Grafíkfélagið, Leirlistafélagið, Textílfélagið, Myndhöggvarafélagið og Félag íslenskra myndlistarmanna, FIM.

En hver er ávinningurinn af stofnun heildarsamtaka. — SIM — yfir þessi sex fagfélög íslenskra listamanna? Eg spyr þá Ólaf, Jón og Þór.

„Ávinningurinn er geysilegur, svo framarlega sem SIM nær að starfa sem virkt stéttarfélag íslenskra listamanna. En það er einmitt áætlunin. SIM á að verða eins og hvert annað verkalýðsfélag sem berst fyrir kjörum og hagsmunum listamanna í landinu. Með SIM er því stigið stórt skref fram á við í baráttu listamanna fyrir samlegri lífsafkomu og aðstöðu til að sinna um og sýna sín verk. Íslenskir lista-

menn, hvar í kúnst sem þeir eru, standa óneitanlega betur að vigi með SIM að bakhjarli.”

Breytt listpólitik

— Einmitt, en stendur ekki gamla og gilda listpólitikin starfsemi félagsins fyrir þrifum?

„Hún á ekki og má ekki gera það. Listpólitikin á ekki að koma inn í SIM enda á hún ekki heima þar. Hins vegar má hún og á að fá að blunda áfram í og milli þeirra sex fagfélaga sem eru innan þess. En það sem að SIM snýr á ekki að vera hugrænt heldur hagrænt, það er að segja SIM á að vera vettvangur kjarabaráttu en ekki skoðanabaráttu.”

— Hvað er annars um blessaða listpólitikina í landinu að segja. Er hún ennþá jafnheit og áður?

„Hún er alls ekki veikari en hún var hér áður fyrr, kannski þvert á móti. En hún fer fram á öðrum kanólum en hún gerði. Hún blómgastr núna meira inni í fámennum hópum eða sértrúarfélögum í stað þess að hún blómgaðist milli þeirra áður.

Þetta breyttist allt saman í kringum 1970 þegar tengsl íslensku kúnstverks jukust mjög við útlönd, þegar ekki var lengur hægt að tala um íslenska list með öllu. Um þetta leyti hætti þetta dæmalausa heimóttaræði milli listamanna í landinu, þessi vonda þorpsmennska þar sem hver var ofan í annars manns koppi. Og alls konar slúður og illindi viðgengust milli manna. . .”

— Er harka ennþá?

„Nei, harkan er minni en áður. Nú er reynt að rökræða hlutina í stað þess að rifast um þá. Það hleypur enginn út af fundum lengur.

Ekki til séríslensku list

Það sem hefur breyst í þessu tilliti er að ekki er lengur til séríslensku list svo heitið geti. Nú eru þeir hlutir sem Íslendingar eru að kúnstnera miklu tengdari þeim tíðaranda sem er fyrir hendi úti í heimi. Lenskan er horfin, alheimsstefnur hafa tekið við. Í þessu liggur munurinn og þó svo menn geti rökrætt lengi um gildi og gæði hvernar þessarar alheimsstefnu fyrir sig þá er munurinn sá að þessi umræða fer fram í mun víðara samhengi en áður þar sem þorpsmennskan réð ríkjum.”

— Og þið eruð bundnir af einni þessari alheimsstefnu, nefnilega nýlistinni. Ég þykist vita að sumir Íslendingar séu ennþá hvekkir út í hana og það er óþarfi að ræða sum viðbrögð við nýlistinni hér svo mjög sem það hefur verið gert áður. En, hvað sem því líður; er nýja málverkið ekki að verða gamalt? „Þetta listform hefur vissulega



„Morgunn” eftir Sigurð Þóri.



Myndlistarmaðurinn Rúri gerði þetta verk og kallar það „Skógur”.